

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 25/2013

2013/EES/64/24

frá 16. janúar 2013

um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 og á viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar fóðuraukefnið kalíumdíasetat (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum⁽¹⁾, einkum 10. gr. (3. mgr.), 14. gr. og 30. gr. (5. mgr.),

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum⁽²⁾, einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvælaaukefni, matvælaensím, bragðefni, næringarefni og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012⁽³⁾ er mælt fyrir um nákvæmar skilgreiningar fyrir matvælaaukefni sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.
- 4) Þessum skráum má breyta í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í reglugerð (EB) nr. 1331/2008.
- 5) Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 má uppfæra skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 13, 17.1.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 187/2013 frá 8. nóvember 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1.

6) Umsókn um leyfi fyrir notkun á kalíumdíasetati sem rotvarnarefni var lögð fram 27. september 2010 og hefur verið gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin.

7) Óskað er eftir að nota megi kalíumdíasetat í staðinn fyrir matvælaaukefnið natríumdíasetat E 262 (ii), sem er notað sem vaxtarhemill fyrir örverur. Það að skipta út natríumdíasetati E262 (ii) fyrir kalíumdíasetat getur stuðlað að minnkaðri natríuminntöku með fæðu.

8) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema uppfærslan, sem um er að ræða, sé ekki líkleg til að hafa áhrif á heilbrigði manna. Kalíumdíasetat er efnasamband með jöfnum mólekúlhlutföllum tveggja heimilaðra matvælaaukefna (kalíumasetats E 261 og ediksýru E 260). Árið 1990 lagði vísindanefndin um matvæli mat á matvælaaukefni til ýmissa tæknilegra nota. Að því er varðar sýrur, basa og sölt þeirra byggðist matið á mínusjónum og plúsjónum sem eru skráðar. Matið náði einnig til ediksýru (E 260) og salta hennar, ammóníum-, natríum-, kalíum- og kalsíumasetata og -díasetata. Nefndin fastsetti ásættanlega, daglega inntöku fyrir flokk allra efnanna en ekki fyrir hvert efni. Það bendir til þess að notkun efnanna skapi ekki hættu fyrir heilbrigði til að ná fram tilætluðum tæknilegum áhrifum. Leyfi fyrir notkun á kalíumdíasetati á svipaðan hátt og á kalíumasetati er ekki líklegt til að hafa áhrif á heilbrigði manna og því er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

9) Kalíumdíasetat skal leyft til notkunar á sama hátt og kalíumasetat. Í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 skal því í staðinn fyrir núverandi heiti aukefnisins E 261, þ.e. „kalíumasetat“, koma orðið „kalíumasetöt“ þar eð það nær yfir bæði kalíumasetat og kalíumdíasetat.

- 10) Reglugerð (ESB) nr. 231/2012 skal innihalda nákvæmar skilgreiningar á kalíumdíasetati. Í viðaukanum við þá reglugerð skal kalíumdíasetati úthlutað númerinu E 261 (ii), og númerinu fyrir kalíumasetat, sem er sem stendur auðkennt með E 261, skal breytt í E 261 (i). Þessi númerabreyting hefur engin áhrif á kröfur um merkingar sem settar eru fram í 22. og 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008.
- 11) Samkvæmt umbreytingarákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1129/2011 frá 11. nóvember 2011 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 með því að koma á fót skrá Evrópusambandsins yfir aukefni í matvælum ⁽⁴⁾ gildir II. viðauki, þar sem komið er á fót skrá Sambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt eru til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra, frá 1. júní 2013. Til að unnt sé að leyfa notkun kalíumdíasetats fyrir þessa dagsetningu er nauðsynlegt að tilgreina fyrri gildistökudag að því er varðar þetta matvælaaukefni.
- 12) Því ber að breyta reglugerðum (EB) nr. 1333/2008 og (ESB) nr. 231/2012 til samræmis við það.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. janúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Forseti.

José Manuel BARROSO

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 295, 12.11.2011, bls. 1.

I. VIÐAUKI

A. Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað færslunnar fyrir aukefnið E 261 í 3. lið B-hluta „Matvælaaukefni önnur en litarefni og sætuefni“ komi eftirfarandi:

| | |
|--------------------------------------|-------------------|
| „E 261 | Kalíumasetöt* (*) |
| (*) Gildistími: Frá 6. febrúar 2013. | |

- 2) Í stað færslunnar fyrir aukefnið E 261 í I. flokki C-hluta komi eftirfarandi:

| | | |
|--------------------------------------|-----------------|---------------------|
| „E 261 | Kalíumasetöt(*) | <i>eftir þörfum</i> |
| (*) Gildistími: Frá 6. febrúar 2013. | | |

- 3) Í E-hluta:

- a) Í stað færslunnar fyrir aukefnið E 261 í matvælaflokki 04.2.3 „Aldin og grænmeti, niðursoðin í dósir eða krukkur“ komi eftirfarandi:

| | | | |
|--------|--------------|---------------------|--------------------------------------|
| „E 261 | Kalíumasetöt | <i>eftir þörfum</i> | Gildistími: Frá 6. febrúar 2013.“ |
|--------|--------------|---------------------|--------------------------------------|

- b) Í stað færslunnar fyrir aukefnið E 261 í matvælaflokki 07.1.1 „Brauð framleitt eingöngu með eftirfarandi innihaldsefnum: hveitimjöli, vatni, geri eða súrdeigi, salti“ komi eftirfarandi:

| | | | |
|--------|--------------|---------------------|--------------------------------------|
| „E 261 | Kalíumasetöt | <i>eftir þörfum</i> | Gildistími: Frá 6. febrúar 2013.“ |
|--------|--------------|---------------------|--------------------------------------|

- c) Í stað færslunnar fyrir aukefnið E 261 í matvælaflokki 07.1.2 „Pain courant français; Friss búzakenyér, fehér és félbarna kenyerek“ komi eftirfarandi:

| | | | |
|--------|--------------|---------------------|--|
| „E 261 | Kalíumasetöt | <i>eftir þörfum</i> | Einungis <i>Friss búzakenyér, fehér és félbarna kenyerek</i> Gildistími: Frá 6. febrúar 2013.“ |
|--------|--------------|---------------------|--|

- d) Í stað færslunnar fyrir aukefnið E 261 í matvælaflokki 08.1.2 „Unnin kjötvara eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 853/2004“ komi eftirfarandi:

| | | | |
|--------|--------------|---------------------|--|
| „E 261 | Kalíumasetöt | <i>eftir þörfum</i> | Einungis pakkað, tilreitt, nýhannað kjöt Gildistími: Frá 6. febrúar 2013.“ |
|--------|--------------|---------------------|--|

- e) Í stað færslunnar fyrir aukefnið E 261 í matvælaflokki 13.1.3 „Unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamatur fyrir ungbörn og smábörn eins og skilgreint er í tilskipun 2006/125/EB“ komi eftirfarandi:

| | | | |
|--------|--------------|---------------------|---|
| „E 261 | Kalíumasetöt | <i>eftir þörfum</i> | Einungis unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamatur, einungis til sýrustigsstillingar Gildistími: Frá 6. febrúar 2013.“ |
|--------|--------------|---------------------|---|

B. Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar fyrir aukefnið E 261 í 3. hluta komi eftirfarandi:

| | | | | | |
|--------|--------------|---------------------|---------------------|-----------------------|--|
| „E 261 | Kalíumasetöt | <i>eftir þörfum</i> | <i>eftir þörfum</i> | <i>eftir þörfum</i> “ | |
|--------|--------------|---------------------|---------------------|-----------------------|--|

b) Í stað færslunnar fyrir aukefnið E 261 í A-þætti 5. hluta komi eftirfarandi:

| | | | | |
|--------|--------------|---------------------|-------------------|--|
| „E 261 | Kalíumasetöt | <i>eftir þörfum</i> | Öll næringarefni“ | |
|--------|--------------|---------------------|-------------------|--|

c) Í stað færslunnar fyrir aukefnið E 261 í töflu 1 í 6. hluta komi eftirfarandi:

| | | |
|--------|---------------|--|
| „E 261 | Kalíumasetöt“ | |
|--------|---------------|--|

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar í færslunni um aukefnið E 261 komi eftirfarandi:

„E 261 (i) KALÍUMASETAT“

b) Eftirfarandi færsla bætist við á eftir færslunni um aukefnið E 261 (i):

„E 261 (ii) KALÍUMDÍASETAT

| | |
|---|--|
| Samheiti | |
| Skilgreining | Kalíumdíasetat er efnasamband kalíumasetats og ediksýru |
| EINECS-númer | 224-217-7 |
| Efnaheiti | Kalíumvetnisdíasetat |
| Efnaformúla | $C_4H_7KO_4$ |
| Mólþyngd | 158,2 |
| Magngreining | Inniheldur 36 til 38% af óbundinni ediksýru og 61 til 64% af kalíumasetati |
| Lýsing | Hvítir kristallar |
| Sanngreining | |
| Sýrustig | 4,5–5 (10% vatnslausn) |
| Prófun fyrir asetat | Stenst prófunina |
| Prófun fyrir kalíum | Stenst prófunina |
| Hreinleiki | |
| Vatnsinnihald | Ekki meira en 1% (aðferð Karls Fischers) |
| Maurasýra, formöt og önnur efni sem oxast auðveldlega | Ekki meira en 1 000 mg/kg gefið upp sem maurasýra |
| Arsen | Ekki meira en 3 mg/kg |
| Blý | Ekki meira en 2 mg/kg |
| Kvikasilfur | Ekki meira en 1 mg/kg“ |